




HAFNARFJÖRÐUR

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17/5 2021
Málsnr:	2104341
Bréfal:	0310

Hafnarfirði 17. maí 2021
2104341 SN

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna erindis varðandi sölu á hlut í HS Veitum

Meðfylgjandi er umsögn Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna erindis minnihluta sveitarstjórnar Hafnarfjarðar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þar sem óskað er eftir að ráðuneytið taki stjórnsmálsu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er því haldið fram í erindi minnihluta sveitarstjórnar að með því að hefja söluferli og óska eftir kautilboðum í hlutabréf í HS Veitum hf. hafi bæjarráð Hafnarfjarðar í raun tekið endanlega ákvörðun um sölu hlutabréfanna, sem teljist fullnaðarákvörðun í skilningi 5. mgr. 35 gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á um samþykki bæjarstjórnar. Hafnarfjarðarkaupstaður hafnar því að ósk eftir tilboðum í hlutabréf feli í sér ákvörðun um sölu og ítrekar að ákvörðun um sölu á hlutabréfum sveitarfélagsins í HS Veitum hf. var tekin af bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi hennar 28. október 2020 að lokinni afgreiðslu málsins í bæjarráði 22. október 2020.

Á fundi bæjarráðs 22. apríl 2020 var eftirfarandi tillaga samþykkt með þremur atkvæðum meirihluta gegn einu atkvæði minnihluta, en einn fulltrúi minnihluta sat hjá:

Bæjarráð samþykkir að hafinn verði undirbúningur að sölu hlutabréfa sveitarfélagsins í HS Veitum hf. sem er 15,42% með það að markmiði að hlutabréf sveitarfélags verði seld.

Í tillögunni kemur fram að hefja á „undirbúning“ að sölu á hlutabréfunum þar sem markmiðið er að selja bréfin. Engin ákvörðun lá því fyrir um að hlutabréfin yrðu seld, enda lá þá hvorki tilboð né söluverð fyrir. Í bókun með samþykkt tillögunnar kemur auk þess fram að meirihluti leggi áherslu á að „leitað verði tilboða í hluti Hafnarfjarðarbæjar í HS-Veitum á meðal breiðs hóps fjárfestingaraðila til þess að fá sem hæst söluverð.“

Við umræður í bæjarstjórn 29. apríl 2020 kom m.a. fram í bókun meirihluta að verið sé „að kanna hvaða verð fengist fyrir 15,4% hlut bæjarins í HS Veitum og hvort mun reynast hagkvæmara að selja hlutinn



HAFNARFJÖRÐUR

eða taka í staðinn enn hærri lán“. Markaðsgengi óskráðra hlutabréfa liggur að jafnaði ekki fyrir og er raunverulegt markaðsverð eignarhlutar í óskráðu fyrirtæki einungis fengið með því að óska tilboða fjárfesta í hlutabréfin.

Í kjölfar auglýsingar um opið sölufjerli í dagblöðum 7. maí 2020 var þeim fjárfestum sem áhuga höfðu á hlutabréfunum og uppfylltu skilgreind skilyrði, m.a. um fjárhagslegan styrk, afhent tilboðsform þar sem skýrt kom fram að seljandi, þ.e. Hafnarfjarðarkaupstaður, áskildi sér fullan rétt til þess að stöðva sölufjerlið hvernær sem væri án nokkurs fyrirvara. Ráðgjafi Hafnarfjarðarkaupstaðar við undirbúning sölufjerlis og í sölufjerlinu sjálfu var Kvikabanki.

Í skilmálabréfi sem fjárfestum sem vildu taka þátt í sölufjerlinu bar að undirrita, var þeim gert að gangast undir þá skilmála sem settir væru fram. Þar stendur:

Athuga skal að bréf þetta og þær aðgerðir sem lýst er í bréfinu skapa engar skyldur eða loforð hjá Félaginu [skýring: HS Veitur], Seljanda eða Kviku, til þess að eiga viðskipti með Hlutina eða til að halda áfram að kanna hugsanleg viðskipti með Mögulegum Kaupendum eða öðrum aðilum.

Jafnframt var þess krafist í skilmálabréfi að væntanlegir tilboðsgjafar féllust á eftirfarandi skilyrði:

Seljandi áskilur sér allan rétt til að breyta skilmálum og/eða viðmiðum sölufjerlisins á hvaða tíma sem er í sölufjerlinu, án þess að tilkynna Mögulegum Kaupendum sérstaklega þar um. Jafnframt áskilur Seljandi sér allan rétt til að samþykkja eða hafna öllum tilboðum og/eða slíta samningaviðræðum við einstaka/alla Mögulega Kaupendur á hvaða stigi sölufjerlisins sem er án þess að tilkynna það fyrir fram.

Jafnframt áskilja Seljandi og Kvika sér einhliða og að öllu leyti óskilyrtan rétt til þess að meina fjárfestum og/eða Mögulegum Kaupendum þátttöku í sölufjerlinu, eða vísa fjárfestum og/eða Mögulegum Kaupendum á brott úr sölufjerlinu án fyrirvara. Eftir móttöku Tilboða mun seljandi leggja mat á hvort halda skuli áfram með sölufjerlið. Seljandi mun velja einn eða fleiri Mögulega Kaupendur sem verður boðin áframhaldandi þátttaka í sölufjerlinu, og mun með einhliða og óskilyrtum hætti skilgreina allar þær forsendur og viðmið sem hann mun viðhafa við það mat.

Með undirritun gengust væntanlegir bjóðendur því strax í upphafi sölufjerlis undir það að Hafnarfjarðarkaupstaður áskildi sér allan rétt í sölufjerlinu og myndi í ljósi tilboða leggja mat á hvort halda skyldi áfram með sölufjerlið eða ekki.



HAFNARFJÖRÐUR

Því má bæta við að í málflutningi bæjarstjóra og formanns bæjarráðs Hafnarfjarðar á opinberum vettvangi, m.a. í blaðagreinum, kom fram það viðhorf að ekki kæmi til sölu hlutabréfanna nema að ásættanlegt verð fengist fyrir þau.

Að loknu ítarlegu söluférlí var samþykkt á fundi bæjarráðs 22. október 2020 tillaga um að ganga að tilboði HSV eignarhaldsfélags ehf. í 15,42% hlut Hafnarfjarðarkaupstaðar í HS Veitum hf., með þremur atkvæðum fulltrúa meirihluta gegn tveimur atkvæðum fulltrúa minnihluta. Bæjarstjórn samþykkti í framhaldi af því tillögu bæjarráðs á fundi sínum 28. október 2020 með sex atkvæðum fulltrúa meirihluta, gegn fimm atkvæðum fulltrúar minnihlutans.

Sú fullyrðing í erindi minnihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að það að bjóða eign til sölu og óska eftir tilboðum feli í sér endanlega ákvörðun um sölu stenst ekki í því söluférlí sem átti sér stað við sölu á hlut Hafnarfjarðarkaupstaðar í HS Veitum hf. Ljóst er að allt þar til kaupsamningur hafði verið undirritaður hafði Hafnarfjarðarkaupstaður skýran rétt til þess að stöðva söluférlíð án eftirmála. Kemur ákvæði 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga því ekki til skoðunar varðandi ákvörðun bæjarráðs þann 22. apríl 2020. Endanleg ákvörðun um sölu hlutabréfanna var tekin af bæjarstjórn á fundi sínum 28. október 2020. Afgreiðsla málsins var því í fullu samræmi við sveitarstjórnarlög og önnur þau lög sem um slík viðskipti gilda.

Virðingarfyllst,

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri